

Ed.

257. Frumvarp til laga

[87. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrri málsliður 5. gr. laganna orðist svo:

Fógeti framkvæmir lögtak, þó má hreppstjóri gera lögtak í sveitum, þegar skuldin ekki nemur meiru en 10 þúsund krónum.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætast nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Þá er heimtir skulu í kaupstöðunum skattar þeir og gjöld, er um ræðir í 2. málslið 4. gr., getur fógeti ákveðið að byrja gerðina í skrifstofu sinni, enda tilkynni hann skuldara í ábyrgðarbréfi eða á annan jafn tryggilegan hátt, hvenær gerðin á að fara fram og skori á hann að mæta við gerðina, og er nægilegt, að sú tilkynning sé send til eða birt á því heimili gerðarþola, sem síðast er skráð í manntal. Mæti gerðarþoli þá ekki, og hafi hann eigi tilkynnt lögleg forföll, skal lögreglan eftir beiðni fógeta hafa uppi á gerðarþola og sjá um, að hann mæti hjá fógeta.

Eigi þarf nema einn vott við lögtaksgerðir, er fógeti framkvæmir, en kveðja má hann til sérfróða virðingarmenn, ef hann telur þess þörf.

Nú á gerðarþoli inneignir í bönkum eða sparisjóðum, og þarf gerðarbeiðandi þá ekki að sætta sig við, að bent sé á aðrar eignir til lögtaks, að því leyti sem inn- eignir þessar hrökkva til greiðslu á kröfunni. Ákvæði þetta tekur þó ekki til inn- stæðu, er nemur 5000 krónum eða minna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34 7. maí 1928.